

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 4. júlí 2023 eftirfarandi:

*Rjúpnahæð 5, óveruleg breyting deiliskipulags Hæðahverfis.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni við Rjúpnahæð 5.

*Hagaflöt 14, óveruleg breyting deiliskipulags Flata.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni við Hagaflöt 14.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 7. september 2023 eftirfarandi:

*Litlatún 1, óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar Garðabæjar (svæði 3).*

Breytingin gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir spennistöð á suðausturhluta lóðarinnar.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 8. september 2023.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 11. september 2023